

43. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 30.3.2026

Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður (á Teams)

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Ársreikningur HEF fyrir árið 2025

Endurskoðaður ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fyrir árið 2025 lagður fram til samþykktar og undirritunar.

Niðurstaða reksturs er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2025. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna til rekstursins yrðu um 110 milljónir, en niðurstaðan var ívið betri, eða um 106 milljónir. Tekjur voru 240 milljónir eða um 14 milljónir umfram áætlun og rekstrargjöld 346 milljónir eða um 8 milljónir umfram áætlun.

Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninginn með undirritun sinni og felur framkvæmdastjóra að koma niðurstöðum ársreiknings fyrir árið 2025 til aðildarsveitarfélaganna.

2. Dagskrárliður: Frumvarp til laga um stofnun atvinnuveganna

Lagt fram til kynningar þingskjal Alþingis nr.964 - 568. mál sem kynnt var á Alþingi 25. mars sl. Um er að ræða endanlega útgáfu á frumvarp til laga um stofnun atvinnuveganna (ekki var komið nafn á stofnunina þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgátt).

Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026, þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum sem nú er á verkswiði heilbrigðiseftirlits verði framvegis í höndum Matvælastofnunar. Samhliða leggur umhverfisráðherra fram frumvarp um einföldun regluverks, þar sem eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum færir nær alfarið til ríkisins og verði framvegis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Fjölmargar umsagnir bárust í samráðsgátt stjórnvalda og voru flestar umsagnirnar neikvæðar í garð þessa breytinga. Þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir gerðu athugasemdir við að þessi þjónusta færi úr nærsamfélaginu og hætta væri á að sú þjónusta sem heilbrigðiseftirlitin ynnu, verði síðri í miðlægri stofnun ríkisins. Þá sé ýmis álitaefni óleyst, einkum hvað varðar áhrif breytinganna á sveitarfélög, fjárhagsleg og fagleg. Þá hefur verið á það bent að ekki liggi fyrir með hvaða hætti fjárhagsleg áhrif verði á sveitarfélögin, rekstraraðila og ríkisvaldið við þessar breytingar. Samkvæmt frumvarpinu hefur stofnunin heimild til að setja sér gjaldskrá, en ljóst er að þó

svo einhver munur sé að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitssvæða, þá er gjaldskrá Matvælastofnunar ekki í neinu samræmi við útlagðan kostnað stofnunarinnar við eftirlit. Það þýðir að við samræmingu gjaldskrár fyrir matvælaeftirlit mun eftirlit með landbúnaði, fiskvinnslufyrirtækjum og öðrum þeim rekstraraðilum sem Matvælastofnun hefur eftirlit með í dag, hækka a.m.k. um helming eða ef farin verður sú leið að niðurgreiða eftirlitið eins og gert er í dag, að þá lækkar kostnaður þeirra eftirlitsaðila sem heilbrigðiseftirlitin hafa með höndum í dag. Það er ljóst að í stað þess að hefjast handa og leysa úr þeim verkefnum sem ESA hefur falið íslenskum stjórnvöldum, er farin sú leið að gjörbreyta kerfinu og færa eftirlitið milli stofnanna og vonast til að það slái ryki í augu þeirra sem gagnrýnt hafa kerfið. Því miður hefur engu verið tilkostað við að vinna að samræmingu, eftirlitskerfum eða aukinni gagnsæi í eftirliti sem ESA hefur lagt áherslu á. Stjórnvöld virðast líta svo á að það gerist bara af sjálfum sér. En því miður er það ekki raunin, uppsafnaður halli Matvælastofnunar uppá nær milljarð króna, sýnir svo ekki verður um villst að stjórnvöld á hverjum tíma eru ekki tilbúin að axla þá ábyrgð sem á þeim hvílir og tryggja að nægjanlegu fjármagni sé varið í þennan málaflokk.

Heilbrigðisnefnd harmar að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra fjöldamörgu umsagna sem birst hafa í samráðsgátt stjórnvalda þar sem flestir lýsa yfir miklum áhyggjum með þessar fyrirætlanir. Framkvæmdastjóra falið að koma að andmælum við frumvarpið við atvinnuveganefnd í samræmi við fyrri umsagnir og athugasemdir nefndarinnar.

3. Dagskrárliður: Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks

Lagt fram til kynningar, þingskjal Alþingis nr.984 - 582 mál sem kynnt var á Alþingi 24. mars sl. Um er að ræða endanlega útgáfu á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026. Frumvarpið fjallar um framkvæmd eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum sem færist nær alfarið til ríkisins og verði framvegis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Samhliða leggur atvinnuvegaráðherra fram frumvarp þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum verði framvegis í höndum Matvælastofnunar. Fara þarf með frumvarp þetta í sam-ræmi við frumvarp atvinnuvegaráðherra. Fjölmargar umsagnir bárust í samráðsgátt stjórnvalda og voru flestar umsagnirnar neikvæðar í garð þessa breytinga. Þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir gerðu athugasemdir við að þessi þjónusta færi úr nærsamfélaginu og hætta væri á að sú þjónusta sem heilbrigðiseftirlitin ynnu, verði síðri í miðlægri stofnun ríkisins. Þá sé ýmis álítaefni óleyst, einkum hvað varðar áhrif breytinganna á sveitarfélög, fjárhagsleg og fagleg. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var lagt fram í samráðsgátt, en ekki er ljóst með hvaða hætti stjórnvöld sjá fyrir sér hver hafi eftirlit með samþykktum um fráveitur og skolp, ákvörðun um vatnsverndarsvæði og með hvaða hætti eftirlit á að vera með þeirri starfsemi svo eitthvað sé nefnt. Það er jafnframt ljóst að nái þessi frumvarpsdrög fram að ganga þá er þörf á umfangsmiklum breytingum á reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga. Verður það að teljast afar skammur tími til að koma þeim málum öllum í höfn og því líkur á að verulegt þjónusturof verði á þeirri starfsemi sem heilbrigðiseftirlitin sinna í dag ef frumvarpið fer óbreytt í gegn. Heilbrigðiseftirlit á hverjum stað hefur verið í lykilhutverki í að brúa bilið milli ólíkra stofnanna og óljóst hvernig staðbundin þekking og skjót upplýsingagjöf um mengun verði tryggð í fyrirhugaðri yfirfærslu verkefna.

Heilbrigðisnefnd harmar að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra fjöldamörgu umsagna sem birst hafa í samráðsgátt stjórnvalda þar sem flestir lýsa yfir miklum áhyggjum með þessar fyrirætlanir. Framkvæmdastjóra falið að koma að andmælum við frumvarpið við umhverfis- og samgöngunefnd í samræmi við fyrri umsagnir og athugasemdir nefndarinnar.

4. Dagskrárliður: Garðahverfi, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að breytingum á deiliskipulagi Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkaðar séu lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu og lóðum fjölgað um 6. Þá gerir tillagan ráð fyrir að bæta aðgengi gangandi vegfarenda.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna, en vekur athygli á að ekki er gerð grein fyrir veitukerfum á svæðinu í greinargerð með tillögunni. Úr því þurfi að bæta.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Hannes Tryggvi tilkynnir afsögn úr heilbrigðisnefnd

Hannes Tryggvi Hafstein leggur fram eftirfarandi bókun:

„Ég hef tekið þá ákvörðun að segja sæti mínu lausu sem fulltrúi Seltjarnarness í heilbrigðisnefnd eftir samfellda stjórnarsetu í 12 ár. Um leið þakka ég samstarfsmönnum mínum, bæði starfsfólki og kjörnum fulltrúum, í heilbrigðisnefnd kærlega fyrir gott og vinsamlegt samstarf á liðnum árum“.

Heilbrigðisnefnd þakkar Hannesi fyrir gott samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 25. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 4. mars 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 11. mars 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 11. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 18. mars 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 18. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 24. mars 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 24. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Undirskrift fundargerðar



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

99. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 25. febrúar 2026

1. Ásvellir 1 Hafnarfirði tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 24.02.2026 f.h. Knattspyrnufélags Hauka kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna árshátíðar Hafnarfjarðarbæjar haldið í Íþróttahúsi Hauka Ásvöllum 1 Hafnarfirði. F2258748, þann 07.03.2026 kl. 18:30 - 00.00. Áætlaður gestafjöldi er 1400.

Jákvæð umsögn.

2. Hörgslundur 8 Garðabæ - dýrasnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Maríu Lísu Thomasdóttur f.h. Yoga Natura ehf., kt. 541218-1060 dags. 24.02.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir Dýrasnyrtistofu, María Dýrasnyrting, að Hörgslundi 8 Garðabæ. Fasteignanúmer F2070913. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.2.2026

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

3. Trönuhraun 6 Hafnarfirði - tannlæknastofa - skráning

Lögð fram umsókn Erlings Ingvarssonar f.h. Jórsalir ehf., kt. 460401-2320 dags. 23.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Trönuhrauni 6 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2235890. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 12.2.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Skólabraut 8 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.02.2026 f.h. Ungmennafélagið Stjarnan kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna árshátíðar Garðabæjar haldin í Íþróttahúsinu Mýrinni Skólabraut 8 Garðabæ. F2263564. Þann 14.03.2026 - 15.03.2026 frá kl. 17:00 - 03.00. Áætlaður gestafjöldi er 1100.

Jákvæð umsögn.

5. Í Miðdalsl. Mosfellsbær - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Helga G. Thoroddsen kt. 230685-2319 dags. 16.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, frístundahús í 271 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F125360. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

6. Hafnarbraut 13a Kópavogi - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hauks Thors f.h. Álfhóll gisting ehf., kt. 470302-2160 dags. 13.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Hafnarbraut 13a Kópavogi. Fasteignanr. F2504813. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 17.02.2026. Neikvætt svar BF dags. 18.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfisumsókn hafnað þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.

7. Hafnarbraut 13A Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.02.2026 f.h. Álfhóll gisting ehf., kt. 470302-2160 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokkur II - C minna gistiheimili að Hafnarbraut 13A Kópavogi. Fasteignanr. F2504813. Hámarksfjöldi gesta 6.

Neikvætt svar byggingarfulltrúa dags. 18.02.2026

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.

8. Vallakór 14, Kópavogi - veisluþjónusta – starfsleyfi

Lögð fram umsókn Nikulásar Kr. Jónssonar f.h. Par3 ehf., kt. 630410-0960 dags. 12.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veisluþjónustu. að Vallakór 14 Kópavogi. Fasteignanr. 460550170??. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt fyrir dagana 14.-15. mars 2026.

9. Vallakór 12-14 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.02.2026 f.h. Basic Events ehf., kt. 460515-0170 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna tónleika Laufeyjar í Kórnum Vallakór 12-14 F2296585, Kópavogi þann 14.03.2026 og 15.03.2026 frá kl. 18:00 - 22:30. Áætlaður gestafjöldi er 8500. Jákvæð umsögn.

10. Vallakór 12-14 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.02.2026 f.h. PAR 3 ehf., kt. 630410-0960 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna tónleika Laufeyjar í Kórnum Vallakór 12-14 F2296585, Kópavogi þann 14.03.2026 og 15.03.2026 frá kl. 18:00 - 22:30. Áætlaður gestafjöldi er 8500. Jákvæð umsögn.

11. Norðurtún 18 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Söru Snædísar Ólafsdóttur f.h. Melkvist ehf., dags. 30.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Norðurtúni 18 Garðabæ. Dreifing frá vöruhúsi Gorilla. Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

12. Helluhraun 16-18 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Haraldar Brattaberg Ingólfssonar f.h. Verslun og veitingar ehf., /Lukku Láki, kt. 701224-0270 dags. 26.01.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturn að Helluhrauni 16-18 Hafnarfirði. Fasteignanr. 010103. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2026. Bréf sent BF dags. 04.02.2026. Jákvætt svar 12.02.2026.

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

13. Helluhraun 16-18 Hafnarfirði - söluturn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Haraldar Brattaberg Ingólfssonar f.h. Verslun og veitingar ehf., /Lukku Láki, kt. 701224-0270 dags. 26.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Helluhrauni 16-18 Hafnarfirði. Fasteignanr. 010103. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 04.02.2026. Jákvætt svar 12.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

14. Dalshraun 15 Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Guðna Kristjánssonar f.h. Hótel Vík ehf. kt. 650906-0550 dags. 20.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Dalshrauni 15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074347. Ný starfsemi.

Auglýst 21.01.2026-18.02.2026. Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 21.01.2026. Neikvætt svar dags. 24.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfisumsókn hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.

15. Urðarhvarf 16 Kópavogi - dvalar- og hjúkrunarheimili – starfsleyfi

Lögð fram umsókn Fríðu Brandsdóttur f.h. U16ehf. kt. 580124-0460 dags. 16.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað fyrir aldraðra að Urðarhvarfi 16 Kópavogi. Fasteignanr. F2329407. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.02.2026. Bréf sent á byggingarfulltrúa 22.01.2026, ítr. 18.02.2026. Öryggisúttektarvottorð dags. 13.02.2026. Lokaúttekt ekki lokið. Í auglýsingu til 18.02.2026
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

16. Dalshraun 15 Hafnarfirð -gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.01.2026 f.h. Hótel Vík ehf., kt. 650906-0550 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokkur II - B stærra gistiheimili að Dalshrauni 15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074347. Hámarksfjöldi gesta. 60.

Neikvætt svar BF dags. 24.02.2026.

Neikvæð umsögn þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

17. Eiðistorg 17 Seltjarnarnesi - lyfjaverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Þórðar Hermannssonar f.h. Bæjarapótek ehf., kt. 511125-0730 dags. 01.12.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Eiðistorgi 17 Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2067341. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

18. Skemmuvegur 16 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Árna Eyjólfssonar f.h. Lagsmaður ehf., / Fiska kt. 500604-3010 dags. 21.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Skemmuvegi 16, Kópavogi. Fasteignanr. F2064886. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

19. Grundarhvarf 17, Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kjartans Sigurðssonar f.h. Jk ehf., kt. 451115-1460 dags. 30.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning og dreifingu á víni frá vöruhótel Eimskips. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.2.2026

Með ákvæðum matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

20. Dofrahella 4 Hafnarfirði - trésmíðaverkstæði - skráningarskylt

Lögð fram umsókn f.h. Brettasmiðjan ehf., kt. 641109-1850 dags. 03.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir trésmíðaverkstæði að Dofrahellu 4 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330041. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.3.2025 - tvö skráð frávik og óskað eftir úrbótum. Minnispunktur vegna eftirlitsheimsóknar dags. 18.2.2026 Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 21.01.2025. Jákvætt svar 20.02.2026 öryggis- og lokaúttekt lokið.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

100. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 4. mars 2026

1. Völuteigur 5, Mosfellsbæ - Trésmíðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Sigurðar Ólafssonar f.h. Smíðastofu Sigurðar R. Ólafssonar, kt. 511201-3140 dags. 26.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir trésmíðaverkstæði að Völuteig 5, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2257500. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.2.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Tjarnarvellir 3 Hafnarfirði - framleiðsla- og dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hörpu Hrundar Hinriksdóttur f.h. Pizza-pizza ehf., kt. 480293-2669 dags. 18.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla og dreifingu að Tjarnarvöllum 3 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2292050. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 4.3.2026. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 20.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. Dalsmári 5 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.02.2026 f.h. Sena ehf., kt. 510205-1380 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna árshátíðar í Fífunni Dalsmára 5 F2257152. Kópavogi þann 07.03.2026 - 08.03.2026 frá kl. 18:00 - 01.00. Áætlaður gestafjöldi er 2400.

Jákvæð umsögn

4. Kópavogsbraut 41 Kópavogi - sambýli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigríðar Heiðu Kristjánsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 02.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk að Kópavogsbraut 41 Kópavogi. Fasteignanr. F2063498. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2025. Í auglýsingu: 2.02.2026 - 2.03.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5. Kársnesbraut 114 Kópavogi - hundasnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Gísla Hrafn Þórarinssonar f.h. Hundahúsið sf., kt. 500919-0270 dags. 12.01.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir hundasnyrtistofu að Kársnesbraut 114 Kópavogi. Fasteignanr. F2063173. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 3.03.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

6. Hulduhlíð 26 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Loga Kristjánssonar f.h. Snjallbar ehf., kt. 410425-0920 dags. 08.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir færanlega starfsemi. Lögheimili að Hulduhlíð 26 Mosfellsbæ. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 4.3.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

7. Straumhella 17, Hafnarfirði, flutningur á seyru. Svarta Perlan

Lögð fram umsókn Gottskálks Þorsteins Ágústssonar kt.110879-5989, f.h. Svarta Perlan kt.410216-0350 dags. 14.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir flutning á seyru. Aðsetur fyrirtækisins er að Straumhelli 17 í Hafnarfirði, fnr. 2330626.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.12.2025 Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 19.02.2025. Drög að starfsleyfi auglýst 02.02.2026 - 02.03.2026.

Með vísan til hollustuhátta- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Hamrabrekka 8 Mosfellsbæ - gististaður - umsögn

Lögð fram umsókn Hafsteins Halldórssonar f.h. Oak House, kt. 581122-0980 dags. 05.06.2025, endurvakið 18.02.2026, þar sem sýslumaður óskar er eftir umsögn fyrir gististað að Hamrabrekku 8 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2331104. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 11.06.2025. Jákvætt svar 11.12.2025. Í auglýsingu 4.12.2025 - 1.1.2026.

Jákvæð umsögn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

101. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 11.03.2026

1. Smiðjuvegur 4c Kópavogi - blikksmiðja - skráning

Lögð fram umsókn Geirs Garðarssonar f.h. Fagkaup ehf., kt. 670169-5459 dags. 06.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir blikksmiðju að Smiðjuvegi 4c Kópavogi. Fasteignanr. F2065250. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Suðurströnd 8 Seltjarnarnes - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.03.2026 f.h. Íþróttafélagið Gróttu kt. 700371-0779 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir konukvöld þann 07.03.2026 kl.18:30 til 08.03.2026 kl. 02:00 að Suðurströnd 8 Seltjarnarnesi. Áætlaður gestafjöldi 100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Reykjadalur 1 Mosfellsbær - niðurrif mannvirkja – skráning

Lögð fram umsókn Birtu Fróðadóttur f.h. Gló stuðningsfélag fta. kt. 630269-0249 dags.04.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, starfsmannabúðastað að Reykjadal 1, Reykjadal Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082256. Tímabundin starfsemi.

Minnisblað dags.09.03.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Skemmuvegur 4 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Júlíusar Þórs Júlíussonar f.h. JJ Vöruhús ehf., kt. 530405-0360 dags. 03.03.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir JJ Vöruhús ehf., Skemmuvegi 4 Kópavogi. Fasteignanr. F2064865. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 5.3.2026.

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

5. Reykjavíkurvegur 64 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurðar H Bjarnasonar f.h. HBT ehf / Hamborgarabúlla Tómasar kt.710306-2140 dags. 03.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 64 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078657. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er skráning staðfest og starfsleyfi samþykkt.

6. Dalvegur 16a Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurðar H Bjarnasonar f.h. HBT ehf / Hamborgarabúlla Tómasar kt.710306-2140 dags. 03.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Dalvegi 16a Kópavogi. Fasteignanr. F2227628. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2026

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er skráning staðfest og starfsleyfi samþykkt.

7. Helluhraun 16-18 Hafnarfirði - vínbúð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sveins Fjeldsted Hilmarssonar f.h. Vínbúðin Álfrún kt. 410169-4369, dags. 02.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vínbúð að Helluhrauni 16-18 Hafnarfirði, fasteignanr. F2075378. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 5.3.2026

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Hlégarðstún, Mosfellsbær - tækifærisleyfi – umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.02.2026 f.h. Ketils Guðlaugs Ágústssonar, kt. 101206-3190 þar sem sótt er um leyfi til brekkusöngs þann 21.08.2026 kl.19:00-23:00. að Hlégarðstúni, Mosfellsbæ. Hámarksfjöldi gesta: 550
Jákvæð umsögn staðfest.

9. Núpaland 1 Kópavogi - veitingasala - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Huy Van Nguyen f.h. Snowland ehf., kt. 541221-1150 dags. 22.02.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Snælandsvíð, Núpaland 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2232270. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 5.3.2026
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

10. Sörlaskeið 13a Hafnarfirði - samkomusalur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigríðar Kr. Hafþórsdóttur f.h. Hestamannafélagsins Sörla, kt. 640269-6509 dags. 05.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal með framreiðslueldhúsi að Sörlaskeiði 13a Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076772. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 04.03.2026. Sent á byggingarfulltrúa dags. 26.02.2026. Jákvætt svar dags. 10.03.2026.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

11. Reykjavíkurvegur 50 Hafnarfirði - skólahúsnæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hildar Loftsdóttur f.h. NÚ/Framsýn menntun ehf., kt. 630615-0890 dags. 03.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skólahúsnæði að Reykjavíkurvegi 50 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078617. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.01.2026. Auglýst dags. 04.02.2026 - 04.03.2026.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsemi samþykkt til 4 ára.

12. Austurkór 1 Kópavogi - leikskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigrúnar Huldu Jónsdóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 26.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Austurkór, Austurkór 1 Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.03.2026. Auglýst: dags. 26.1.26-23.2.26.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta - og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

13. Dalvegur 16a Kópavogi - veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.01.2026 f.h. HBTB ehf., kt. 710306-2140 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - C Veitingastofa og greiðasala í fl. II, fyrir Hamborgarabúllu Tómasar að Dalvegi 16a Kópavogi. Fasteignanr. F2227628. Hámarksfjöldi gesta. 45.
Jákvæð umsögn staðfest.

14. Lyngás 14 Garðabæ - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

L12742 Ís Fabrikan ehf - L12742
Lögð fram umsókn Kristjáns Páls Rafnssonar f.h. Ís Fabrikan ehf., kt. 611025-1140 dags. 23.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla að Lyngási 14 Garðabæ. Fasteignanr. F2244794. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2026
Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt.

15. Smáratorg 3, Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Andréssonar f.h. Nevada ehf., kt. 580123-1120 dags. 27.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingasölu og verslun að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2289966. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.11.03.2026Bréf sent byggingarfulltrúa 15.10.2025. Jákvætt svar 12.11.2025.

Með vísun til ákvæðum matvælaoreglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

16. Brúarfljót 2, Mosfellsbæ - vinnsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Daníels Inga Bergmann f.h. Ingling ehf., kt. 440324-0290 dags. 29.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vinnslu og pökkun á matvælum að Brúarfljóti 2, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2505843. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.11.03.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

102. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 18.03.2026

1. Sörlaskeið 13a Hafnarfirði - veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.03.2026 f.h. Hestamannafélagið Sörli., kt. 640269-6509 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - G Samkomusalir í fl. II, fyrir Sörlastaði, Sörlaskeið 13a Fasteignanr. F2076772. Hámarksfjöldi gesta 800 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Melabraut 20 Hafnarfirði - trésmiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Snorra R. Snorrasonar f.h. SJ Tréverk ehf., kt. 510214-0720 dags. 16.03.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi/skráningu fyrir trésmiðaverkstæði að Melabraut 20, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2232706. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 16.03.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3. Smiðjuvegur 50 Kópavogur - pústþjónusta - skráning

Lögð fram umsókn Sigurðar Halldórssonar f.h. Bílaviðhald ehf., kt. 500108-0100 dags. 13.03.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir pústþjónustu að Smiðjuvegi 50 Kópavogi. Fasteignanr. F2065373. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.03.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningin staðfest.

4. Fjarðargata 19 Hafnarfjörður - matsölustaður - starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Vilhjálms Sveins Magnússonar f.h. Stjarnan ehf. (Subway). kt. 410949-0169 dags. 13.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Fasteignanúmer: F2242898. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Skemmuvegur 4a Kópavogi - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Þrastar Má Sveinssonar f.h. MT Ísland ehf. kt. 471119-0160 dags. 11.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, asbest, Skemmuvegi 4a, Kópavogi. Fasteignanr. F2064866. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

6. Skútuhraun 9a Hafnarfirði - málmsmiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Ólafs Jóns Ormssonar f.h. Vélsmiðja Orms- og Víglundar ehf., kt. 480998-2789 dags. 06.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir málsmið-renniverkstæði að Skútuhrauni 9a Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078853 Ný starfsemi Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - bakarí - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurðar Arnar Þorleifssonar f.h. Bæjarbakarí ehf., kt. 690890-1439 dags. 09.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bakarí að Bæjarhrauni 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2224301. Eftirlitsskýrsla dags. 17.03.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla - og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Eskiás 4a Garðabæ - matvælavagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Angilei Yaidelis f.h. CHEVERE ehf., kt. 530226-2390 dags. 02.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn með lögheimili að Eskiás 4a Garðabæ. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.3.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

9. Strandgata 29, Hafnarfirði - heildsala - starfsleyfi

Lögð fram umsóknínu Bjarkar Helgadóttur f.h. Feel Iceland ehf., kt. 590325-3170 dags. 24.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu að Strandgötu 29, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079456. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.03.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

10. Álalind 8, Kópavogi - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aðalsteins Scheving f.h. J fasteignir ehf., kt. 591223-1000 dags. 24.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili (gisting í flokki II - íbúðir) að Álalind 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2503493. Ný starfsemi.

Í auglýsingu frá 25.02.2026. Fyrirspurn send á byggingarfulltrúa dags. 26.02.2026. Neikvætt svar byggingarfulltrúa dags. 26.02.2026.

Í ljós neikvæðrar afstöðu byggingarfulltrúa var umsóknin dregin til baka af hálfu umsækjanda.

11. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - pökkun og dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kinga Mieczysława Zabel f.h. Blue Bread haus, kt. 311294-3779 dags. 25.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pökkun og dreifingu matvæla í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 5.3.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

12. Álalind 8 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.02.2026 f.h. J. fasteignir ehf., kt. 591223-1000 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokkur II - G Íbúðir í fl. II að Álalind 8 Kópavogi. Fasteignanr. F2503493. Hámarksfjöldi gesta. 5.

Umsókn um starfsleyfi var dregin til baka af umsækjenda og sýslumaður upplýstur um það.

13. Hólshraun 9 Hafnarfirði - vélaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Ívars Auðuns Adolfssonar f.h. Garðyrkjuþjónustan ehf., kt. 600389-1149 dags. 16.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélaverkstæði að Hólshrauni 9 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075837. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.03.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 18.02.2026. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 10.03.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er skráningin staðfest.

14. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - pökkun og dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Guðrúnar Helgu Halldórsdóttur f.h. Yuyu ehf., kt. 541025-2940 dags. 13.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pökkun og dreifingu matvæla í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

15. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hrapps Pálssonar f.h. Z1 ehf., kt. 681215-0770 dags. 09.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.03.2026

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

103. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 24. mars 2026

1. Lambamýri 1 Garðabæ - Veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.03.2026 f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - G Samkomusalir í fl. II, fyrir Lambamýri 1 Garðabæ. Fasteignanr. F2517715. Hámarksfjöldi gesta 100.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Reykjavíkurvegi 64 Hafnarfirði - Veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.03.2026 f.h. HBTB ehf., kt. 710306-2140 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - C Veitingastofa og greiðasala í fl. II, fyrir Hamborgarabúllu Tómasar Reykjavíkurvegi 64 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078657. Hámarksfjöldi gesta 30.
Jákvæð umsögn.

3. Einihlíð 1 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Elínborgar Benediktsdóttur f.h. Hár-Ellý, kt. 040269-4609 dags. 16.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Einihlíð 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2243170. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2026.
Með vísun til hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

4. Hamraborg 9 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Przemyslaw Engel f.h. Big Market ehf., kt. 450525-1110 dags. 09.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Euro Market Hamraborg 9 Kópavogi. Fasteignanr. F2061432. Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2026.
Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Hamraborg 9 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Przemyslaw Engel f.h. Big Market ehf., kt. 450525-1110 dags. 09.03.2026 þar sem sótt er um nýtt tóbaksleyfi fyrir Euro Market Hamraborg 9 Kópavogi. Fasteignanr. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2026.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Íþróttamiðstöðin Varmá - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.03.2026 f.h. Ungmennafélagið Afturelding kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Herrakvöld Aftureldingar þann 11.04.2026 kl.18:30 til 12.04.2026 kl. 02:00 í Íþróttamiðstöðinni að Varmá Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 460 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

7. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - dreifing matvæla – starfsleyfi

Lögð fram umsókn Bruno Birins f.h. Bruno Veitingar kt. 670226-2710 dags. 27.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2026.
Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

8. Víkurhvarf 1 Kópavogi - kennsluhúsnæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Snædísar Högnadóttur kt. 010786-4289 dags. 18.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir námskeið fyrir börn, myndlistar- og jóganámskeið, að Víkurhvarfi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2301031. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 20.03.2026. Jákvætt svar 23.03.2026. Starfsleyfið var auglýst dags. 24.02.2026-24.03.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Austurhraun 3 Garðabæ- móttökustöð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Helga Lárussonar f.h. Endurvinnslan hf., kt. 610789-1299 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir móttöku og pökkun á drykkjarumbúðum að Austurhrauni 3, Garðabæ.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.3.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 23.10.2024. Ítrekun send byggingarfulltrúa 12.11.2025. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa 12.11.2025. Drög að starfsleyfi auglýst 7.10.2025

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.